

## Melar gistiheimili

Ég stend þessa dagana fyrir fjáröflun í gegnum [karolinafund.com](http://karolinafund.com) varðandi uppbyggingu mína á Melum á Kópaskeri.

– Hvet áhugasama um verkefnið mitt að skoða síðuna og minni á að margt smátt gerir eitt stórt.

Hildur Óladóttir  
hildurhola@gmail.com



## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út 17. apríl 2019.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir Fréttabréf á Langanesi og nágrenni

14. tbl. 10. árg. Miðvikudagur 10. apríl 2019

## Vinnuskóli Norðurþings 2019

### - Opið fyrir umsóknir



Opið er fyrir umsóknir í vinnuskóla Norðurþings sumarið 2019.

Í sumar verður vinnuskóli Norðurþings starfandi fyrir ungmenni fædd árin 2004, 2005 og 2006,

þ.e. þau sem í vor ljúka 7., 8. og 9. bekk.

Vinnuskólinn er opin ungmendum sem eru með skráð lögheimili í sveitarfélaginu eða eiga foreldra/foreldri sem er með lögheimili í sveitarfélaginu.

Upplýsingar um laun og vinnutíma má finna á vef Norðurþings (þjónusta-íþróttir og tómstundir – vinnuskóli)

Sótt er um með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á vef Norðurþings.



# Allir geta gert eitthvað!

## Hvaða skref þarf að taka varðandi umhverfismál?

Norðurþing er í stefnumótunarvinnu varðandi umhverfismál. Stefnt er að því að til verði aðgerðaáætlun með tímasettum og mælanlegum markmiðum sem starfsmenn sveitarfélags geta unnið skipulega að. Umhverfismál eru stærsta viðfangsefni nútímans og mikilvægt að sveitarfélög axli þar ábyrgð.

Í þessari vinnu er mikilvægt að heyra í íbúum og hagaðilum varðandi hverjar áherslurnar ættu að vera og til að fá góðar hugmyndir fyrir vinnuna.

Því er boðið upp á eftirfarandi samráðsfundi:

Heiðarþær  
15. apríl, kl. 19-21

Grunnskólinn Lundur  
16. apríl, kl. 17-19

Grunnskóli Raufarhafnar  
16. apríl, kl. 20-22

Framsýnarsalur - Húsavík  
29. apríl, kl. 17-19



Norðurþing

Ykkar framlag skiptir máli!  
Allir velkomnir og heitt á könnunni



## Kirknaganga í Þistilfirði

Ferðafélagið Norðurslóð heldur þeim vana sínum að fara í gönguferð á föstudaginn langa. Sá dagur er að þessu sinni 19. apríl.

Nú verður gengin hringur í kringum Svalbarð, að Svalbarðskirkju í Þistilfirði. Fræðst um kirkjuna og Forystufjársetrið heimsótt.

Í göngulok verður boðið upp á hressingu. Gangan er um 7 km.

Mæting við Forystufjársetrið kl. 13:00.

## Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

## **Aðalfundur KSNÞ**

### **haldinn þann 13. apríl 2019 á Raufarhöfn**

Aðalfundur Kvenfélagasambands Norður Þingeyinga verður haldinn þann 13. apríl n.k á Raufarhöfn. Fundurinn hefst kl. 11 .

Eftir hádegisverð verður boðið uppá fræðsluferð um Heimskautsgerðið.

Þá mun Jenný Jóakimsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands vera með erindi um fatasóun.

Fundurinn er öllum opin og eru félagar sérstaklega hvattir til að mæta og hafa gaman saman.

F.h stjórnar,  
Kristín S Gunnarsdóttir formaður

## **Sumarleyfisferð við Öxarfjörð – nokkur sæti laus!**

Ferðafélagið Norðurslóð auglýsir: Nokkur sæti laus í fjögurra daga sumarleysiferð við Öxarfjörð 9. – 13. júlí.

Gengið frá fjöru til fjalla, um núpa, gil og gljúfur.

1. dagur, þriðjudagur: Mæting á Farfuglaheimilið á Kópaskeri. Þátttakendur koma sér fyrir. Fræðslufundur 20:00 þar sem farið er yfir dagskrá næstu daga.

2. dagur: Gengið út að Snartarstaðanúp, um Grímshöfn, Vörsluvík og fleiri vikur, með viðkomu í Kópaskersvita. Yfir Núpinn og ofan í Hvalvík. Ekið að Núpskötlu og gengið á Rauðanúp. (15 km.)

3. dagur: Menningar- og fræðslurölt á Kópaskeri og nágrenni. Byggðasafnið og Skjálftasetur heimsótt og gengið um Kópaskersmisgengið. (8 km)

4. dagur: Gengið að Naustárfossi, þaðan upp á Öxarnúp. Gengið í Klaufargerði og fræðst um kumlið sem fannst þar í grenndinni. Síðan um Svelting í Buðlungahöfn. (14 km)

5. dagur: Grettisbæli heimsótt, síðan gengið upp með Jökulsá að austan, um Borgirnar upp að Gloppu. Ofan í gljúfrin og upp úr þeim aftur. (8 km)

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 8. júní.

Nánari upplýsingar og skráning hjá ffnordurslod@simnet.is.

Verð: 51.000 / 56.000. Innifalið: Gisting, 3x kvöldmatur, akstur, aðgangseyrir, göngukort, fararstjórn.

## **Frá Skinnastaðarprestakalli:**

Helgihald um bænadaga og páska verður sem hér segir:

### **Laugardagur, 13. apríl:**

Páskakirkjuskóli í Safnaðarheimilinu á Raufarhöfn.

Páskaglaðningur fyrir börnin.

### **Pálmasunnudagur, 14. apríl:**

Páskakirkjuskóli í skólahúsinu á Kópaskeri kl. 11.00.

Páskaglaðningur fyrir börnin.

### **Skírdagur, 18. apríl:**

Helgistund með altarisgöngu í Garðskirkju kl. 20.00.

### **Laugardagur, 20. apríl:**

Fermingarmessa verður í Skinnastaðarkirkju kl. 11.00.

Fermd verður Erla Bernharðsdóttir, Ærlækjarseli.

Organisti Judith György.

Fermingarmessa verður í Raufarhafnarkirkju kl. 14.00.

Organisti Stefanía Sigurgeirsdóttir.

Fermdir verða: Agnar Þór Hilmisson, Grænuási 2  
og Auðunn Elí Steinþórsson, Höfða.

Guð blessi fermingarbornin og ástvini alla á þessum degi.

### **Páskadagur, 21. apríl:**

Hátíðarguðspjónusta verður í Skinnastaðarkirkju kl. 10.00.

Kórstjóri og organisti Stefanía Sigurgeirsd. Morgunverður í Lundi á eftir á vegum sóknarnefndar. Verið öll innilega velkomin !

Hátíðarguðspjónusta verður í Snartarstaðarkirkju kl. 14.00.

Organisti og kórstjóri Stefanía Sigurgeirsdóttir.

Með bestu ósk um friðsæla bænadaga og gleðilega páska!

Sóknarprestur og sóknarnefndir

## Frá Langanestakalli!

Helgihald verður um páskana sem hér segir:

### Laugardagur 20. apríl.

Feringarmessa kl. 14.00 í Svalbarðskirkju.

Fermdur verður Ólafur Ingvi Sigurðsson, Holti.

Kór kirkjunnar leiðir söng. Organisti, Bjarni Gunnarsson

Feringarmessa kl. 16.00 í Sauðaneskirkju.

Fermd verður Hugbjört Lind Möller, Ytra Lóni.

Kórfélagar leiða söng. Organisti Bjarni Gunnarsson

### Páskadagur 21. apríl.

Hátíðarguðsþjónusta í Þórshafnarkirkju kl. 14.00.

Kór kirkjunnar leiðir söng. Organisti Bjarni Gunnarsson.

*Guð gefi okkur gleðilega páska!*

*Sóknarprestur og sóknarnefndir*



## Kynning á deiliskipulagi

Drög að nýju deiliskipulagi að athafnasvæði sveitarfélagsins á Þórshöfn liggur frammi til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins miðvikudaginn 10. mars nk. milli kl. 10 og 14.

Hægt verður að koma athugasemdum á framfæri skriflega við skrifstofu eða á netfangið [skipulag@langanesbyggd.is](mailto:skipulag@langanesbyggd.is)

### ATHAFNASVÆÐI Á ÞÓRSHÖFN DRÖG DEILISKIPULAG - TILLAGA



## Norður-Þingeyingar

Munið minningarkort Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Innkoma fyrir sölu kortanna rennur í Styrktarsjóð Heilbrigðisstofnunar til kaupa á t.d. tækjum og og öðru sem stofnunina vanhagar um.

Og þjónar þessi sjóður einnig norðursýslunni.

Söluaðilar á opnunartíma:

Heilsugæslan Kópaskeri sími 464-0640

Heilsugæslan Raufarhöfn sími 464-0620

Heilslugæslan Þórshöfn sími 464-0600

Einnig er hægt að hringja í heilsugæsluna á Húsavík sími 464-0500.



Heimasíða félagsins er inni á [hsn.is](http://hsn.is) og þar er hægt að ganga í styrktarfélagið, einnig á sölustöðum minningarkortanna og í síma 859 0222.